

6. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lögreglustjórum (bæjarfógetum og sýslumönnum) útlagðan kostnað vegna prófnefnda, og skal iðnfræðsluráð í umboði ráðuneytisins úrskurða réttmæti reikninga, áður en endurgreiðsla fer fram.

7. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar nr. 143/1967, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 160/1967, um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

23. febrúar 1971.

Nr. 37.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 106 25. apríl 1969
um viðvörunarmerki almannavarna.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

- a) Merki um áriðandi tilkynningu í útvarpi: Langt hljóð með tveim stuttum á eftir a. m. k. þrítekið.
- b) Merki um yfirvofandi hættu: Stutt hljóð í sífellu í minnst 1 mín.
- c) Merki um að hætta sé liðin hjá: Langt hljóð, einstakt, í minnst ½ mín.

Langt hljóð standi í 6.5 sek. og stutt hljóð í 1.5 sek., nema annað sé tiltekið. Bil milli hljóða í merki sé 2 sek. og milli merkjanna sjálfra minnst 6.5 sek.

Þegar gefin eru hljóðmerki um áriðandi tilkynningu eða yfirvofandi hættu er öll óþarfa notkun síma bönnuð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 94 29. desember 1962 um almannavarnir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

2. marz 1971.

Nr. 38.

REGLUGERÐ

um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings.

1. gr.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun grásleppuhrogna til útflutnings skal vera í samræmi við ákvæði III og IV kafla í „Reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.“, útg. 20. marz 1970.